

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag athafnasvæðis við Ofanleiti.

Tillaga að nýju deiliskipulagi athafnasvæðis við Ofanleiti var samþykkt á 1621. fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja 25. nóvember 2025. Málið hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að lóð við Ofanleitisveg 26 færist út fyrir mörk deiliskipulags frístundabyggðar við Ofanleiti og verði hluti af deiliskipulagi athafnasvæðis við Ofanleitisveg. Einnig verða stofnaðar tvær nýjar lóðir í suðurenda svæðisins á landi sem áður tilheyrði landbúnaðarsvæði L-4.

Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreitum eða viðbyggingum fyrir athafnahúsnæði á öllum lóðum athafnasvæðisins. Heildarbyggingarmagn svæðisins eykst um 2.262 m², fer úr 1.739 m² í 4.001 m².

Settir eru fram skilmálar varðandi umhverfisfrágang, svo sem manir, lýsingu, geymslu lausamuna og byggingarefni.

Samhliða var unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna breyttra marka landnotkunarreita í Ofanleiti og breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Ofanleiti.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 25. mars 2026.

F.h. Vestmannaeyjabæjar,
Dagný Hauksdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. mars 2026